

Umhverfis- og skipulagssvið
Reykjavíkurborg
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík



Reykjavík 8. febrúar 2016
UST201601-072/K.S.J.
10.04.02

Efni: Drög. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030, nýr kirkjugarður.

Vísað er til erindis umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er barst 11. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er fjallar um nýjan kirkjugarð. Erindinu fylgja drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar og drög að umhverfisskýrslu um nýjan kirkjugarð í Reykjavík.

Umhverfisstofnun bendir á að texti á forsíðu tillögu að aðalskipulagsbreytingu er villandi, en þar segir: Nýr kirkjugarður í Reykjavík, kirkjugarður í Úlfarsfelli, tímabundin losun ómengandað jarðvegs. Umhverfisstofnun hefur fengið staðfest að haugsetning í Hamrahlíðarlöndum er áætluð sem varanleg haugsetning. Þegar talað er um tímabundna losun, þá þýðir það að haugsetning sé til tiltekins takmarkaðs tíma og að efnið verði síðan flutt áfram.

Staðsetning

Í drögum að aðalskipulagsbreytingu eru tveir mismunandi kostir fyrir kirkjugarð skoðaðir. Annars vegar staðsetning á Geldinganesi og hins vegar staðsetning í Hamrahlíðarlöndum undir Úlfarsfelli. Einnig kemur fram að ef svæði við Úlfarsfell verður notað er miðað við að haugsetja þar alls 500.000 m³ á um 22 ha lands. Efnið verður fengið af Hlíðarendasvæðinu í Vatnsmýri.

Einnig kemur fram að ekki er reiknað með að aðkeyrt efni þurfi í kirkjugarð í Geldinganesi. Í Geldinganesi yrði votlendissvæði fyrir röskun á áhrifasvæði kirkjugarðs. Votlendið er yfir 20.000 m² og nýtur því sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir að flutningur 500.000 m³ mun skapa aukið álag á samgöngukerfi á framkvæmdatíma. Umhverfisstofnun tekur undir tillögur um mótvægisgerðir til að draga úr neikvæðum áhrifum kirkjugarðs í Úlfarsfelli á framkvæmdatíma.

Verðmæti jarðvegs

Umhverfisstofnun bendir á að ómengaður jarðvegur líkt og talað er um í umhverfisskýrslu er verðmætur og að mati stofnunarinnar þyrfti mat á jarðveginum að koma fram í umhverfisskýrslu og rökstuðningur fyrir því að nýta jarðveginn á kirkjugarðssvæðinu.

Votlendi

Umhverfisstofnun tekur undir að það yrðu neikvæð umhverfisáhrif af gerð kirkjugarðs í Geldinganesi þar sem votlendi er nýtur sérstakrar verndar myndi raskast.

Umhverfisstofnun bendir á að í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd er umfjöllun um sérstaka vernd m.a. votlendis í grein nr. 61 þegar síðari breytingar hafa verið felldar inn í lögini.


Verndarsvæði


Umhverfisstofnun tekur undir það að kirkjugarður í Geldinganesi hefði mjög neikvæð áhrif á svæði á náttúrumínjaskrá.

Niðurstaða

Umhverfisskýrsla er fylgir erindinu er afar greinargóð og gerir Umhverfisstofnun að öðru leyti ekki athugasemd við hana. Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu skýrslunnar.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur